

Fimmtíu ár voru í gær liðin frá því að systir Gabriella gekk í reglu heilags Jósefs og hefur hún mestan þann tíma varið starfsævi sinni hérlendis, á St. Jósefsspítala í Landakoti. Við biskupsmessu í Landakotskirkju í gær var þessa áfanga minnst og að henni lokinni buðu systurnar til móttöku í bústað sínum við Bárugötu, þar sem systur Gabriellu voru færðar heillaóskir.

En hver er systir Gabriella?

Hana þekja flestir starfsmenn á Landakoti og margir sjúklingar sem þar hafa legið. Mbl. heimsótti hana á Bárugötuna og bað um viðtal:

„Nei, ég er ekkert fyrir það að tala við blóðin, ég kann ekkert á það — það er ómögulegt.“ Trúlega ekki í fyrsta sinn sem hún sat við sinn keip. Hinar systurnar á Bárugötunni hvöttu hana til að ræða við blaðamenn, en allt kom fyrir ekki. Hún leit á þær stórum augum og tók þetta sem stríðni. Þetta var fráleitt. Við spjöllum samt, en hver setning endaði jafnan: „Nei, ég kann ekkert að tala við blóðin. Ég skal tala við þig þegar ég verð áttátt. Hvenær? Ég segi það ekkert.“ Lá henni hver sem vill. Hún gekk í reglu St. Jósefs fyrir 50 árum og hún vill fá að þjóna Guði og mönnum í kyrrþey.

Systir Gabriella kom til Íslands 1937 og starfaði hún sem skurdstofuhjúkrunarkona á Landakotsspítala. Ekki hefur hún alveg sleppt hendinni af spítalanum eftir að systurnar seldu hann, því nú seinustu árin hefur hún hella upp á könnuna í kaffistofunni í turninum. Og systurnar sakna spítalans og starfsfólkið saknar þeirra. Ekki væri það systur Gabriellu að skapi að fjölyrða um starf hennar á Landakoti öll þessi ár, en seint munum við sem landið erfum gera okkur fullljóst hvert framlag St. Jósefssystura hefur verið til heilbrigðismála landsins.

Við biskupsmessu í Landakotskirkju í gærmorgun minntist Hinrik Frehen, biskup, þessara tímamóta í lífi Gabriellu.



Biskup Frehen óskar systur Gabriellu til hamingju, en í gær voru liðin 50 ár frá því hún gekk í reglu St. Jósefssystura. Ljós. RAX.

Systir Gabriella á Landakoti:

Hefur starfað í 50 ár í reglu heilags Jósefs

— Þið skuluð heldur heiðra heilagan Jósef, hafði Gabriella sagt, en í gær var dagur heilags Jósefs. Biskup Frehen minnti á texta Orðskviðanna þar sem segir: „Væna konu hver hlýtur hana? Hún er miklu meira virði en perla.“ Sagði hann einkenna

Gabriellu látleysi og þjónustulund og í starfi sínu í 50 ár hefði hún látið Drottin vaxa í sér og hjörtum annarra manna.

Starfsfólk Landakots og aðrir gestir heimsóttu systurnar á Bárugötuna eftir messu og voru Gabriellu færðar hamingjuóskir

og gjafir. Dr. Bjarni Jónsson fyrrum yfirlæknir hafði þar orð fyrir læknum. Greindi hann m.a. frá fyrsta fundi þeirra systur Gabriellu í þorabyrjun 1941, þá er hann var nýkominn heim eftir framhaldsnám ytra:

„Eitt af því fyrsta sem ég gerði

eftir að hafa stigið fæti á land, var að heimsækja Landakot. Læknaherbergi var í gamla spítalanum, sem nú er horfinn og skáhallt á móti því var lítið herbergi fyrir sóttþreinsun. Við opnar dyr á litla herberginu stóð ung systir, lítil og grónn. Ég spurði hvort „Tante Braun“ væri komin og gekk að læknaherberginu, en hún snaradist á eftir og ætlaði að koma mér í skilning um að utan-sveitarmenn ættu ekkert erindi þangað. Henni var vorkunn. Á leiðinni heim hafði ég safnað alskuggi og var það sjaldgæft þá. Tveir menn skórtuðu slíkir andlitsþrýði í Reykjavík, Matthías Einarsson og Oddur stærki. Hefir henni væntanlega fundist ég bera meiri svip af Oddi en Matthíasi. En þegar ég opnaði dyrnar á læknaherberginu gall við óp frá „collegunum“ og þótti henni þá sýnt að ég myndi ekki allsendis ókunnur á þeim bæ.

Aldrei síðar í fjóra tugi ára reyndi hún að leggja stein í götu mína, en oft hefir hún rutt úr vegi hindrunum, sem hefðu getað orðið að fótakefli og á það ekki við um mig einan heldur alla lækna spítalans og sérlega þá sem fengist hafa við handverk.

Ég hefi unnið á spítölum og skurdstofum í þremur þjóðlöndum og hvergi hitt skurdstofuhjúkrunarkonu, sem ég kysir frekar til samvinnu en þessa fingerðu konu, sem ætlaði að stugga mér frá þegar við vorum bæði ung.

Í lok ræðunnar tjáði dr. Bjarni systur Gabriellu þakkar lækna og landsmanna allra og afhenti henni, sem þakklætisvott frá læknum, farseðil til Rómar, Jerúsalem eða Betlehem, eða þeirrar suðurgöngu er hún óskaði og gæti notað að vild þegar henni hentaði. Þá talaði einnig Logi Guðbrands-son, framkvæmdastjóri Landakotsspítala og færði henni frá öðru starfsfólki spítalans farareyri til suðurgöngunnar. Einnig flutti Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins, kveður sínar og heilbrigðisstjórnarinnar. jt.



Fjölmenni var við biskupsmessu í Landakotskirkju og tóku kirkjugestir í hönd systur Gabriellu í messulok.




Dr. Bjarni Jónsson (á miðri mynd) fyrrum yfirlæknir á Landakotsspítala talaði fyrir hönd lækna, sem færðu systur Gabriellu að gjöf farmiða til suðurgöngu eins og dr. Bjarni komst að orði.

innar Ream

Jóns Halldórssonar, fyrrverandi aðalgjaldkera Landsbankans, hóf myndlistarnám við Ameríska háskólann í Washington árið 1954. Það var upphafið að langri Bandaríkjadöl, sem hefur án efa mótað hana sem listamann. Þar tók hún þátt í fjölda einka- og samsýninga. Til marks um afhafnasemi Ragnheiðar ytra má nefna að hún setti á stofn gallerí ásamt nokkrum bandarískum myndlistarmönnum til að koma verkum sínum og annarra á framfæri.

Ragnheiður settist að hér á landi ásamt manni sínum 1969. Upp frá því tók hún að halda sýningar á verkum sínum hérlendis. Hún tók einnig virkan þátt í haustsýningum FÍM og öðrum samsýningum.

Ragnheiður var öldungis



Á myndinni er Donald F. Ream við nokkur verka Ragnheiðar Ream.

atorkusóm í félagsmálum meðan hennar naut við. Átti hún m.a. drjúgan þátt í undirbúningi myndlistarsýninga hér og erlendis meðan hún sat í sýningarnefnd. Ennfremur átti Ragnheiður um

skeið sæti í listráði Kjarvalsstaða.

Það má geta þess að Jón Halldórsson og Donald Ream standa að þessari yfirlitssýningu sem stendur yfir til 4. apríl nk.


Giselle:

Per Arthur Segerström tekur við af Helga Tómassyni

ÁTTUNDA sýningin á ballettinum Giselle verður í Þjóðleikhúsinu næstkomandi þriðjudagskvöld, 23. mars, en uppselt hefur verið á allar sýningar til þessa. Sænski dansarinn Per Arthur Segerström tekur þá við hlutverki Albrechts hertoga af Helga Tómassyni. Dansar Segerström einungis fjórum sinnum. Hann hefur áður komið til Íslands, en hann var gestur Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins í desembermánuði 1976.

Per Arthur Segerström fæddist í Stokkhólmi 1952 og stundaði dansnám við Konunglega sænska listdanskólann, þar sem kenningar voru meðal annarra Raymond Frachetti og Rosella Hightower. Segerström varð meðlimur Konunglega sænska ballettsins við óperuna í Stokkhólmi árið 1970, þá

adeins 18 ára, og varð sólóldansari þar árið 1974. Sérgrein Segerström eru klassískir ballettar og undanfarin ár hefur hann verið aðaldansari ballettsins við Stokkhólmsóperuna.



Per Arthur Segerström.